



Fornleifavernd
ríkisins



Ársskýrsla 2008

Efnisyfirlit

Ávarp forstöðumanns	3
Skipulag og umhverfismat	5
Fornleifarannsóknir	7
Rammaáætlun	11
Samstarf	13
Fjármál	15
Útgáfa og miðlun	17
Starfsstöðvar og starfsfólk	21



Við Hraunvelli

Ávarp forstöðumanns

Árið 2008 varð ár fornleifaskráningar hjá Fornleifavernd ríkisins. Í tengslum við annan áfanga Rammaáætlunar ríkisstjórnarinnar skráði starfsfólk Fornleifavernd ríkisins fornleifar á 18 háhitastöðum sem til greina koma sem virkjanakostir. Þá hélt starfsfólk stofnunarinnar áfram mati og skráningu á friðlýstum fornleifum, legsteinum og minningarmörkum.

Erlent samstarf var umfangsmikið á árinu. Starfsfólk Fornleifaverndar ríkisins tekur þátt í nokkrum norrænum og evrópskum samstarfsverkefnum. Meðal þeirra er mjög áhugavert nýtt verkefni sem hófst á árinu og beinist að verndun fornleifa. Er það hið svonefnda Ne-Heritage verkefni sem fleiri íslenskar stofnanir taka þátt í ásamt aðilum frá 13 Evrópuþjóðum. Verkefnið mun standa næstu þrjú árin.

Að loknum fornleifarannsóknum sem styrktar voru af Kristnihátíðarsjóði er mikill áhugi hjá hagsmunaaðilum á minjarsvæðunum að nýta minjarnar í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu. Allar minjar landsins, 100 ára og eldri, eru samkvæmt þjóðminjalögum í umsjón Fornleifaverndar ríkisins. Á árinu 2008 átti Fornleifavernd ríkisins fundi með áhugasömum aðilum í héraði. Gásakaupstaður ses fékk, í framhaldi af slíkum fundum, leyfi til að nýta minjar að



Gásam í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu.



Á árinu 2008 varð rúmlega 3 milljóna króna rekstrarafgangur hjá Fornleifavernd ríkisins. Með aðstoð góðra manna í fjárlaganefnd tókst því að snúa fjárhagsstöðu Fornleifaverndar ríkisins við og ná fullum tókum á rekstrarhallanum og gera hann upp við ríkissjóð. Starfsemin hófst með hreint borð í upphafi árs 2009 og horfir björtum augum á framtíðina.

Kristín Huld Sigurðardóttir

Kristín Huld Sigurðardóttir





Vogar

Skipulag og umhverfismat

Samkvæmt Þjóðminjalögum 2001/107 skal skrá fornleifar vegna svæðisskipulags, aðalskipulags, deiliskipulags eða endurskoðunar þess. Þetta er gert til að tryggja að tekið sé tillit til fornleifa við skipulagsgerð og við framkvæmdir. Menningarminjar eru einnig einn þeirra þátta sem teknir eru til skoðunar í umhverfismati. Fornleifavernd ríkisins er umsagnaraðili um menningarminjar í umhverfismati.

Árið 2008 voru veittar 36 umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun þess (sjá töflu 1) sem er nokkru meira en árið 2007 en þá voru umsagnirnar 29 talsins.

Tafla 1

Umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun aðalskipulags 2008	
Vesturland	1
Vestfirðir	6
Norðurland vestra	4
Norðurland eystra	6
Austurland	5
Suðurland	10
Reykjanes	4
Reykjavík	1

Fjöldmörg deiliskipulagsmál eða byggingarreitir komu til umsagnar Fornleifaverndar eða 161 talsins (sjá töflu 2). Það er nokkru minna en árið 2007 en þá voru samsvarandi umsagnir 184 talsins. Ástæða þess að fá mál berast frá Reykjavík er að borgarminjavörður, þ.e. forstöðumaður Minjasafns Reykjavíkur, fer með mál minjavörslunnar innan höfuðborgarinnar.

Tafla 2

Umsagnir um deiliskipulag og byggingarreiti 2008	
Vesturland	44
Vestfirðir	5
Norðurland vestra	25
Norðurland eystra	13
Austurland	13
Suðurland	45
Reykjanes	16

Árið 2008 voru veittar 27 umsagnir um umhverfismatsskyldu framkvæmda, 10 umsagnir um umhverfismat og 22 umsagnir um tillögu að matsáætlun.

Tafla 3

Umsagnir um umhverfismat 2008	
Vesturland	
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	
Norðurland eystra	1
Austurland	1
Suðurland	4
Reykjanes	3

Tafla 4

Umsagnir um umhverfismatsskyldu 2008	
Vesturland	3
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	
Norðurland eystra	7
Austurland	4
Suðurland	8
Reykjanes	4

Tafla 5

Umsagnir um tillögu að matsáætlun 2008	
Vesturland	1
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	7
Austurland	1
Suðurland	5
Reykjanes	3
Reykjavík	3



Uppgröftur við Bæ í Örcæfasveit

Fornleifarannsóknir

Árið 2007 veitti Fornleifavernd ríkisins 52 leyfi til fornleifarannsóknna en nú árið 2008 voru 46 leyfi veitt. Árið 2005 var hlutfall rannsókna sem fara fram vegna framkvæmda 27% af heildarfjölda rannsókna, 42,6% árið 2006, 40,4% árið 2007 og 34,8% árið 2008. Þetta er í samræmi við fjölda umsagna vegna framkvæmda.

Reykholtsssel í Kjarradal. Framhaldsrannsókn á seljarústum. Ábyrgðaraðili Guðrún Sveinbjarnardóttir, Þjóðminjasafni Íslands. Leyfi veitt 7. mars 2008.

Miðbær í Flatey, Breiðafirði. Rannsókn á ruslahaug býlisins Miðbæjar. Ábyrgðaraðili Albína Hulda Pálsdóttir, CUNY og Fornleifastofnun Íslands. Leyfi veitt 21. apríl 2008.

Stekkur í landi Háls í Hamarsfirði. Könnunarskurður vegna vegaf framkvæmda. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafn Skagfirðinga. Leyfi veitt 21. apríl 2008.

Rúst í landi Vatnsenda í Kópavogi. Könnunarskurður vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Sandra Sif Einarsdóttir, Fornleifafraeðistofan ehf. Leyfi veitt 28. apríl 2008.

Nes við Seltjörn. Rannsókn á bæjarhúsunum í Nesi. Tveggja vikna vettvangsnámskeið fyrir fornleifafraeðinema. Ábyrgðaraðili Guðmundur Ólafsson, Þjóðminjasafn Íslands. Leyfi veitt 7. maí 2008.

Bær í Örafum. Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafraeðistofan ehf. Leyfi veitt 7. maí 2008.

Skriðuklaustur í Fljótsdal. Framhaldsrannsókn á munkaklaustri. Ábyrgðaraðili Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustursrannsóknir og Þjóðminjasafn Íslands. Leyfi veitt 7. maí 2008.

Hrísbrú, Leirvogur og Borg í Mosfellsbæ. Framhaldsrannsókn á kirkju og bæjarhól. Ábyrgðaraðili Jesse Byock, UCLA. Leyfi veitt 7. maí 2008.

Hólmur í Nesjum, Austur-Skaftafellssýsla. Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafraeðistofan ehf. Leyfi veitt 7. maí 2008.

Dettifossvegur. Könnunarskurðir vegna vegagerðar. Ábyrgðaraðili Lilja Björk Pálsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 22. maí 2008.

Skipholtsskrókur á Hrunamannaafretti. Könnunarskurðir. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafraeðistofan ehf. Leyfi veitt 22. maí 2008.

Svalbarð í Pistilfirði. Rannsókn á öskuhaug. Ábyrgðaraðili Uggi Ævarsson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 30. maí 2008.

Kot í Rangárfingi ytra. Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Margrét Hallmundsdóttir, Byggðasafn Árnesinga. Leyfi veitt 3. júní 2008.

Lóð Langholtsskóla í Reykjavík. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 3. júní 2008.

Austurstræti 22, Reykjavík. Könnunarskurðir vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Oscar Aldred, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. júní 2008.

Möðruvellir í Hörgárdal. Fornleifarannsókn á öskuhaug auk sýnatöku með borkjarna og könnunarskurða í öskuhauga við þrjá nágrennabæi, Myrkárdal, Klausturhús í landi Staðartungu og Möðruvallasel nálægt Baugaseli. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 13. júní 2008.



Öskuhaugur í landi Skútustaða í Mývatnsveit. Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Ágústa Edwald, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 19. júní 2008.

Skagafjarðarrannsóknir. Rannsókn á víkingaaldarbæjum í Skagafirði með fjar-könnunarbúnaði og könnunarskurðum. Ábyrgðaraðili John Steinberg, University of Massachusetts. Leyfi veitt 19. júní 2008.

Skógarnes í Borgarbyggð. Sýnataka með borkjarna og könnunarskurðir. Ábyrgðaraðili Kevin P. Smith, Haffenreffer Museum of Anthropology, Brown University. Leyfi veitt 19. júní 2008.

Verbúðaleifar í landi Gufuskála, Snæfellsnesi. Uppmæling og hreinsun sniða. Ábyrgðaraðili Lilja Björk Pálsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 19. júní 2008.

Þjótandi í Villingaholtshreppi. Fornleifar nr. 4:10 og 4:11. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 19. júní 2008.

Skálholt í Bláskógabyggð. Minniháttar rannsókn vegna frágangs minjasvæðis. Ábyrgðaraðili Mjöll Snæsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 20. júní 2008.

Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp. Framhaldsrannsókn á bæjarhól. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 30. júní 2008.

Hergilsey í Breiðafirði. Uppmælingar og könnunarskurðir í minjar. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 30. júní 2008.

Búðarárbakki í Hrunamannahreppi. Framhaldsrannsókn á kotbýli. Ábyrgðaraðili Kristján Mímisson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 30. júní 2008.

Hólar í Hjaltadal. Rannsókn á biskupssetri. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir. Leyfi veitt 4. júlí 2008.

Gilsbakki í Hvítársíðu. Uppmælingar og könnunarskurðir. Ábyrgðaraðili Kevin P. Smith, Haffenreffer Museum of Anthropology, Brown University. Leyfi veitt 10. júlí 2008.

Lagnaskurður í Viðey. Framkvæmdaefartilit. Ábyrgðaraðili Oddgeir Hansson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 16. júlí 2008.



Kirkjuverkefnið. Rannsóknarverkefni í Skagafirði. Könnunarskurðir í þrjá kirkjugarða, við bæinga Steinsstaði, Skíðastaði og Keflavík. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafn Skagfirðinga. Leyfi veitt 17. júlí 2008.

Austurstræti 22, Reykjavík. Rannsókn vegna framkvæmda á lóðinni. Ábyrgðaraðili Mjöll Snæsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 17. júlí 2008.

Þegjandadalur, Suður-Þingeyjarsýslu. Könnunarskurðir á tveimur jörðum, Einarstöðum og Ingiríðarstöðum til að kanna aldur búsetu í dalnum. Ábyrgðaraðili Oscar Aldred, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 17. júlí 2008.

Litlu – Núpar í landi Laxamýrar, Suður-Þingeyjarsýslu. Könnunarskurðir til að leita mannvistarleifa við bæjarstæðið og kannað hvort fleiri kuml leynist í kumlateg við norðausturhorn túns. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 17. júlí 2008.

Narfastaðasel í landi Narfastaða, Suður-Þingeyjarsýslu. Forkönnun með könnunarskurðum. Ábyrgðaraðili Þóra Pétursdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 17. júlí 2008.

Kolagrafir í landi Helluvaðs og Baldursheims í Mývatnssveit. Könnunarskurðir. Ábyrgðaraðili Steinunn Kristjánsdóttir, Háskóli Íslands. Leyfi veitt 23. júlí 2008.

Alþingisreitir. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Vala Björg Garðars-

dóttir, Ljósleiðir ehf. Leyfi veitt 24. júlí 2008.

Strákatangi í Hveravík í landi Kleifa í Kaldrananeshreppi. Rannsókn á minjum eftir hvalveiðar Baska. Ábyrgðaraðili Ragnar Edvardsson, Náttúrustofa Vestfjarða. Leyfi veitt 1. ágúst 2008.

Fornar rústir á Síðuheiðum. Fornleifa-könnun á tveimur skálum. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 1. ágúst 2008.

Þrælagerði og Bakkastaðir, Öxarfjarðarhreppi. Könnunarskurðir í tóftir. Ábyrgðaraðili Uggi Ævarsson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 1. ágúst 2008.

Könnunarskurðir í Kolbeinsdal og Hjaltdal. Könnunarskurðir í fornar tóftir á 7 jörðum í Skagafirði vegna ritunar Byggðasögu Skagafjarðar. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafn Skagfirðinga. Leyfi veitt 1. ágúst 2008.

Rannsókn á öskuhaugum í landi Bakka, Lönguhlíð í landi Skriðu, Skugga í landi Staðartungu og Neskots og Jaðars í landi Möðruvalla. Gásir Hinterland Project. Könnunarskurðir og boranir í öskuhauga. Ábyrgðaraðili Ramona Harrison, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 18. ágúst 2008.

Rannsóknir vegna framkvæmda við Helguvík í Reykjanesbæ. Könnunarskurðir í mögulegar tóftir. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir. Leyfi veitt 5. september 2008.

Tjarnarbíó í Reykjavík. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 17. september 2008.

Fornleifarannsókn við kirkjuna á Þingvöllum. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Uggi Ævarsson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 20. október 2008.

Fornleifarannsókn á Slippareit í Reykjavík. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Oddgeir Hansson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 24. nóvember 2008.

Vaktarabærinn í Reykjavík. Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 2. desember 2008.

Bæjarhóll Presthúsa á Akranesi. Ábyrgðaraðili Lilja Björk Pálsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 11. desember 2008.





Á Torfajökulssvæðinu

Rammaáætlun

Starfsmenn Fornleifaverndar unnu að mörgum fjölbreyttum verkefnum á árinu en skráning og þróun á matskerfi vegna rammaáætlunar var einna viðamest.

Í september 2007 skipuðu Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Óssur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra verkefnisstjórn sem falið var að undirbúa annan hluta rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Verkefnisstjórnin tók við af eldri stjórn sem fjallaði um 1. hluta rammaáætlunar og lauk störfum árið 2003. Í 1. hluta var lögð áhersla á vatnsaflsvirkjanir, en núverandi verkefnisstjórn fæst fyrst og fremst við mat á háhitavæðum. Henni er þó einnig ætlað að fjalla um vinnuna í fyrsta áfanga og leggja mat á virkjunarkosti sem fjallað var um þar.

Í rammaáætluninni skal leggja mat á og flokka virkjunarkosti, jafnt vatnsafls og háhita og áhrif þeirra á náttúrufer, náttúru- og menningarmínjar, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, Samhliða því á að skilgreina og meta áhrif á hagsmunum allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði. Undir verkefnisstjórn munu starfa þrjú faghópar skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum. Faghópunum er ætlað er að fara yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, meta þá með stigagjöf og gera tillögur til verkefnisstjórnar. Verkefnisstjórnin á að ljúka störfum og skila skýrslu til umhverfis- og iðnaðarráðherra með heildarmati á virkjunarkostum fyrir 1. júlí 2009.

Í fyrsta áfanga störfuðu nokkrir faghópar, þeirra á meðal Faghópur I um náttúrufer og



minjar og veitti Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor hópnum formennsku. Hópnum var m.a. ætlað að meta áhrif vatnsaflsvirkjana á minjar. Fornleifafræðingar frá Þjóðminjasafni Íslands störfuðu í vinnuhópnum.

Mjög fáar rannsóknir hafa verið gerðar á fornleifum á miðhálandinu og vakti starfshópurinn athygli á ónógum rannsóknum, sem hægt væri að styðjast við. Starfshópurinn studdist aðallega við heimildarskráningu og mjög gamlar frásagnir af vettvangi. Mat á fornleifum í fyrri áfanga byggði því ekki á neinum eiginlegum rannsóknum á vettvangi. Slíkt var oft til boga þegar reynt var að meta gildi minja á svæðunum. Þegar vinna við 2. áfanga hófst var því ákveðið að skrá fornleifar á þeim háhitavæðum sem til umfjöllunar væru.

Árið 2008 rannsökuðu starfsmenn Fornleifaverndar eftirfarandi svæði:

Askja og umhverfi
Brennisteinsfjöll
Kverkfjöll
Reykjanes
Krýsuvík
Krafla og Námafjall
Gjástykki
Þeistareykir
Hrúthálsar
Hveravellir
Kerlingarfjöll
Vonarskarð
Hágöngur
Torfajökulssvæði
Hengillssvæði
Fremrinámur
Svartsengi og Eldvörp
Geysir

Tækifærið var notað til að reyna hina nýju skráningarstaðla Fornleifaverndar. Þá var gerð tilraun til að nota einkunnargjafir við mat á minjaheildum, líkt og Fornleifavernd hefur notað við endurmat á friðlýstum fornleifum. Einkunnarkerfið reyndist fremur auðvelt í notkun en enn á eftir að sjá hvernig það reynist við lokamat á svæðunum í heild sinni, vegna rammaáætlunar.



Í Hróarstungu

Samstarf

Fornleifavernd ríkisins hefur unnið að því að efla tengsl við erlendar stjórn-sýslustofnanir á sviði fornleifaverndar, og auka samstarf við innlenda og erlenda aðila sem tengjast minjavörslu á einhvern hátt. Samstarfsverkefni eru mörg og fjölbreytileg. Hér eru nokkur þeirra nefnd:

Íslenskar stofnanir og sjóðir á sviði minja-verndar, þeirra á meðal Fornleifavernd ríkisins, eru þáttakendur í svokölluðu Heritage-NET ásamt 13. öðrum Evrópuþjóðum. Tilgangur þess er að mynda tengslanet, miðla þekkingu og efla árangur í verndun menningararfsins. Verkefninu er ætlað að auka samstarf í mála-flokknum milli landa, meðal annars um nám og þjálfun auk þekkingarmiðlunar. Einnig er tilgangurinn að bæta nýtingu rannsóknarstyrkja með auknu samstarfi rannsóknarverkefna innan hvers lands og milli landa.

Fornleifavernd hefur verið í góðu samstarfi við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri og hafa starfsmenn flutt þar fyrirlestra á ýmsum námskeiðum. Þá vann nemandi þar nýsköpunarverkefni tengt minjavörslunni, hönnun og skipulagi.

Fulltrúi Fornleifaverndar sótti ráðstefnu um neðansjávarfornleifafræði og sat vinnufund sérfræðinga um verndun sjóminja á vegum EAC (Europae Archaeologiae Consilium).

Fornleifavernd tekur þátt, fyrir Íslands hönd, í norrænu samstarfsverkefni um loftlags-breytingar og áhrif þeirra á fornleifar. Frekari upplýsingar um verkefni má finna á www.riksantikvaren.no/klimaprojektet.

Annað norrænt verkefni sem Fornleifavernd tekur þátt í ber heitið *Natur- och kulturvården som regional och lokal utvecklings och tillväxtfaktor*. Fundur um verkefnið var haldinn í Reykjavík í nóvember 2008.

Forstöðumaður Fornleifaverndar situr í stjórn EAC (European Archaeological Councilium) sem er samstarf evrópskra stjórnsýslustofnana á sviði minjaverndar.

Í febrúar hélt Georges Zouain frá Gaia Heritage fyrirlesturinn “Cultural Heritage & Economics — a beneficial interaction” í boði Fornleifaverndar og Húsafríðunarnefndar ríkisins. Dr. Georges Zouain hefur haldið fjölda fyrirlestra og skrifað margar greinar um hagrænt gildi minja og starfaði m.a. sem yfirmaður á heimsminjaskrifstofu UNESCO. Hann kom fram í viðtölum í fjölmiðlum af þessu tilefni.

Fornleifavernd ríkisins og Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnassýslu og Skeiða- og Gnúpverjahreppur hafa undanfarin ár unnið að gerð vefsjár um Þjórsárdal og merkingu minja í dalnum.

„Söguslóð Vatnsdælasögu“, er samstarfs-verkefni Fornleifaverndar, Atvinnuþróunar-félags NV, Byggðasafns Húnavetninga og fleiri aðila í héraði sem hefur verið unnið undanfarin ár. Er markmiðið m.a. að gera minjarnar, sem flestar eru friðlýstar, aðgengilegar fyrir ferðafólk og veita um þær upplýsingar. Vega-skilti hafa verið sett upp við suma þessara staða og verður þeirri vinnu fram haldið.





Við Laugarvatn

Fjármál

Árin 2005 og 2006 voru Fornleifavernd ríkisins erfið fjárhagslega. Fjármagnið sem veitt var til stofnunarinnar þessi ár, og árin þar á undan, var í engu samræmi við eðlilegar þarfir hennar. Safnaðist því upp rekstrarhalli, sem tókst að lækka um rúmar þrjár milljónir árið 2007. Árið 2008 var einnig rúmlega þriggja milljóna króna rekstrarafgangur hjá Fornleifavernd ríkisins. Auk þess veitti Alþingi stofnuninni stuðning, til að ná tökum á fjárlagahallanum, á fjáráukalögum 2008. Það varð til þess að það tókst að greiða hann að fullu upp, en jafnframt eiga afgang af tekjum ársins 2008, svo sem fram kemur í meðfylgjandi rekstrarreikningi.

Rekstrarreikningur árið 2008

	2008
Tekjur	
Sértekjur	15.547.301
	<u>15.547.301</u>
Gjöld	
Laun og launatengd gjöld	63.073.635
Funda- og ferðakostnaður	7.742.206
Rekstrarvörur	1.909.318
Þjónusta	6.945.125
Húsnæðiskotnaður	5.747.723
Bifreiðar og vélar	8.621.050
Vextir, bætur, skattar og tilfærslur	723.622
Eignakaup	1.446.146
	<u>95.208.825</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	(79.661.524)
Halli frá fyrri árum	(8.996.120)
Ríkisframlag	<u>89.300.000</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	<u>642.356</u>




Kolkuós í Skagafirði

Útgáfa og miðlun

Útgáfa

Agnes Stefánsdóttir: *Umhverfi Reykjanesvirkjunar. Fornleifaskráning*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:3).

Agnes Stefánsdóttir: *Brennisteinsfjöll. Fornleifaskráning*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:4).



Agnes Stefánsdóttir: *Svartsengi—Eldvörp. Fornleifaskráning*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:7).

Agnes Stefánsdóttir: *Krýsuvík. Fornleifaskráning*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:16).

Agnes Stefánsdóttir: "Iceland", European Heritage Network. <http://european-heritage.coe.int/sdx/herein/>.

Agnes Stefánsdóttir, Kristín Huld Sigurðardóttir: "Er tími háspennulína liðinn?", *Morgunblaðið*, 25. mars 2008, 25.

Gunnar Bollason: "Þegar dómklukka Drottins slær. Jakob á Húsafelli og síra Jón lærði á Möðruvöllum skiptast á legsteinum", *Bauta-steinn* 13. árg., 1. tbl., Kirkjugarðasamband Íslands, 2008.

Gunnar Bollason, Guðmundur L. Hafsteinson, Gunnar Kristjánsson, Jón Þ. Þór, Júlíana Gottskálksdóttir, Þorsteinn Gunnarsson: *Kirkjur Íslands 11. Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi: Bessastaðakirkja,*

Brautarholtskirkja, Frikirkjan í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarkirkja, Lágafellskirkja, Reynivallakirkja, Saurbæjarkirkja á Kjalarnesi, Vindáshlíðarkirkja. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa, Kjalarnessprófastsdæmi, Rv., 2008.

Gunnar Bollason, Guðmundur L. Hafsteinson, Gunnar Kristjánsson, Jón Þ. Þór, Júlíana Gottskálksdóttir, Þorsteinn Gunnarsson, Þór Magnússon: *Kirkjur Íslands 12. Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi: Hvalsneskirkja, Kálfatjarnarkirkja, Keflavíkurkirkja, Kirkjuvogskirkja, Krýsuvíkurkirkja, Landakirkja, Njarðvíkurkirkja, Útskálakirkja.* Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa, Kjalarnessprófastsdæmi, Rv., 2008.

Gunnar Bollason: *Skráning friðaðra minningarmarka. Kynning á tilgangi, áherslum og framkvæmd.* Kynningarbæklingur. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008.

Inga Sóley Kristjónudóttir: *Askja og Sigurðarskarð. Úttekt á fornleifum.* Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:6).

Inga Sóley Kristjónudóttir: *Kverkfjöll. Úttekt á fornleifum.* Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:14).

Inga Sóley Kristjónudóttir: *Fremrinámur. Fornleifaskráning.* Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:10).

Inga Sóley Kristjónudóttir: *Krafla—Námafjall. Fornleifaskráning.* Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:12).

Inga Sóley Kristjónudóttir: *Hrúthálsar. Úttekt á fornleifum.* Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:8).

Kristín Huld Sigurðardóttir, Sólborg Una Pálsdóttir: "Listing of archaeological sites, the Icelandic case". Birtist í ráðstefnuriti EAC frá Targoviste (EAC Occasional Paper 2008).

Kristinn Magnússon: *Hengill og umhverfi. Fornleifaskráning.* Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:9).

Kristín Huld Sigurðardóttir, Agnes Stefánsdóttir: "Stöng in Thjorsardalur", *Regenerating*

Europe (European Heritage Heads Forum, 2008).

Magnús A. Sigurðsson, Sólborg Una Pálsdóttir: *Torfajökull og umhverfi. Fornleifa-skráning*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:1).

Magnús A. Sigurðsson: *Geysir. Fornleifa-skráning*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:2).

Sigurður Bergsteinsson: *Þeistareykir. Fornleifaskráning*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:13).

Sigurður Bergsteinsson: *Gjástykki. Úttekt á fornleifum*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:15).

Sólborg Una Pálsdóttir: *Vonarskarð og Há-göngur. Úttekt á fornleifum*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:11).

Þór Hjaltalín: *Hveravellir og Kerlingarfjöll. Fornleifaskráning*. Fornleifavernd ríkisins, Rv., 2008 (2008:5).

Þór Hjaltalín: "Friðlýstar minjar og minjaheildir í Austur- og Vesturdal, Skagafirði". *Fræðslu-þing um Skagafjörð 12. apríl 2008*. (Náttúrustofa Norðurlands vestra, Sauðárkróki, 2008),

Fyrirlestrar

Agnes Stefánsdóttir: *Natur- och kulturvärden som resurs på Island*. Kynning á undirbúningsfundum fyrir umsókn um styrk frá norrænu ráðherranefndinni í Osló, 31. janúar - 1. febrúar 2008.

Agnes Stefánsdóttir: *Heritage Management in Iceland*. Laugarvatni, 26. júní 2008.

Gunnar Bollason: *Efnismenning*. Fyrirlestur og leiðsögn haldin fyrir nemendur í þjóðfræði við HÍ. Hólavallagarði 15. apríl 2008.

Inga Sóley Kristjónudóttir: *Lagaumhverfi minjavörslunnar*. Fyrirlestur haldinn á Seyðisfirði 19. júní 2008.

Inga Sóley Kristjónudóttir: *Rannsóknin á fjallkonunni*. Erindi flutt á Vestdalsheiði á vegum Ferðafélags Austurlands, júlí 2008.

Inga Sóley Kristjónudóttir: Staða loftlagsbreytinga og áhrif þeirra á fornleifar á

Íslandi. Erindi flutt í Finnlandi, á vegum norræns samstarfsverkefnis, 25. febrúar 2008.

Inga Sóley Kristjónudóttir: Staða loftlagsbreytinga og áhrif þeirra á fornleifar á Íslandi. Erindi flutt í Kaupmannahöfn, á vegum norræns samstarfsverkefnis, 24. október 2008.

Kristín Huld Sigurðardóttir: *Minjavernd með heildarsýn*. Fyrirlestur fluttur í hádegisfyrirlestraröð Sagnfræðingafélags Íslands, 29. janúar 2008.

Kristín Huld Sigurðardóttir: *Fornleifavernd*. Fyrirlestur á námskeiði fyrir staðarverði, Háskólanum á Hólum, 26. febrúar 2008.

Kristín Huld Sigurðardóttir: *Minjavarsla*. Fyrirlestur haldinn á fundi Samtaka um sögutengda ferðapjónustu að Þórisstöðum í Eyjafirði, 14. febrúar 2008.

Kristín Huld Sigurðardóttir: *Varðveisla gripa úr fornleifauppgröftum*. Fyrirlestur á fundi Fornleifafræðingafélags Íslands og Félags íslenskra fornleifafræðinga, 21. febrúar 2008.

Kristín Huld Sigurðardóttir: *Þjóðminjalög og varðveisla menningarlandslags*. Fyrirlestur á fundi Hollvínasamtaka Hallargarðsins, 29. apríl 2008.

Kristín Huld Sigurðardóttir: *Járnvinnsla á Íslandi*. Fyrirlestur haldinn á fundi á vegum Kulturhistorisk Museum við Háskólann í Osló (Arbejds møde om analysemetoder i forbindelse med proveniensbestemmelse af jern), 14. maí 2008.

Kristín Huld Sigurðardóttir: *Stjórnsýsla heimsminjastaðarins Þingvalla*. Fyrirlestur haldinn á fundi heimsminjastaða í Sintra í Portúgal, 30. september 2008.

Kristinn Magnússon: *Frá sjónarhóli umsagnar- aðila. Fornleifar og umhverfismat*. Fyrirlestur haldinn á málþingi Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, 24. október 2008.

Magnús A. Sigurðsson: *Minjar og minjavernd*. Fyrirlestur á námskeiði fyrir skógræktar- bændur, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri, apríl 2008.

Sigurður Bergsteinsson: *Helstu aldursgreiningar í ljósi þekktra fornminja á Íslandi*. Fyrirlestur haldinn í Háskólanum á Akureyri, 16. janúar 2008.



Sigurður Bergsteinsson: *Fjallkonan. Vitnisburður um handverk*. Fyrirlestur haldinn á vegum Laufáshópsins, 23. febrúar 2008.

Sigurður Bergsteinsson: *Fornleifar og minjavarsla*. Fyrirlestrar fyrir nemendur MA, í valáfanganum "Fornminjar og fornleifarannsóknir á Norðurlandi", 7. og 17. apríl 2008.

Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifaskráning og minjavarsla*. Fyrirlestur í vettvangsskóla fyrir fornleifafræðinema, Hólum í Hjaltadal, 10. júní 2008.

Sólborg Una Pálsdóttir: *Fornleifavernd*. Fyrirlestur í námskeiðinu Landslagsgreining og landslagsfræði sem kennt er við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri, 22. janúar 2008.

Þór Hjaltalín: *Friðlýstar minjar og minjaheildir í Austur- og Vesturdal í Skagafirði*. Fyrirlestur á Fræðsluþingi Náttúrustofu Norðurlands vestra, 12. apríl 2008.

Þór Hjaltalín: *Minjavarsla og minjaumhverfi*. Fyrirlestur á námskeiði fyrir staðaverði, Háskólanum á Hólum, 13.-14. apríl 2008.

Þór Hjaltalín: *Sögustaðir og minjar í Grettissögu*. Fyrirlestur á fundi áhugamanna um Grettissögu, Brekkulæk, 17. apríl 2008.

Þór Hjaltalín: *Vatnsdæluverkefnið*. Erindi flutt við opnun sýningar á Þingeyrum, 22. júní 2008.

Þór Hjaltalín: *Meningarminjar og verðmætisköpun*. Erindi flutt á fundi þjóðminjavarða Norðurlanda, Árósum, 23. ágúst 2008.

Þór Hjaltalín: *Landslag og minjar í Íslendingasögum. Sögulandslag Vatnsdælasögu*. Erindi flutt í Akureyrarakademíunni, 9. október 2008.

Þór Hjaltalín: *Sagnaarfurinn á Norðurlandi vestra*. Erindi flutt á málþingi á vegum vaxtar-samnings Norðurlands vestra, Löngumýri 15. október 2008.

Þór Hjaltalín: *Kirkjugarðar og minjavernd*. Erindi flutt á fundi Kirkjugarðaráðs á Kirkjubæjarklaustri, 22. október 2008.

Viðtöl

Viðtal við Agnesi Stefánsdóttur vegna greinar í *Morgunblaðinu*, 19. júlí 2008, sem bar heitið "Hús leikskólans utan við verndað svæði".

Viðtal við Agnesi Stefánsdóttur vegna greinar í *Morgunblaðinu*, 18. júlí 2008, sem bar heitið "Varað við eyðileggingu merkra minja".

Viðtal við Agnesi Stefánsdóttur vegna greinar í *Morgunblaðinu*, 3. júní 2008, sem bar heitið "Svað í skálarústum".

Viðtal við Magnús A. Sigurðsson vegna greinar í *Morgunblaðinu*, 2. september 2008, sem bar heitið "Mannabein í Kirkjumel".

Viðtal við Kristínu Huld Sigurðardóttur vegna greinar í *Morgunblaðinu*, 26. mars 2008, sem bar heitið "Minjar skemmast við jarðrask".

Viðtal við Kristínu Huld Sigurðardóttur vegna greinar í *Morgunblaðinu*, 19. apríl 2008, sem bar heitið "Fornleifavernd skilaði tekjuafgangi 2007".

Viðtal við Kristínu Huld Sigurðardóttur vegna greinar í *24 stundum*, 5. september 2008, sem bar heitið "Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins hræðist eftirhermur, ætlar að kæra hrekkjalóma".

Viðtal við Þór Hjaltalín vegna fréttar í *Ríkisútvarpinu* um minjar á Siglunesi við Siglufjörð, 31. júlí og 4. ágúst 2008.



Hveravellir

Starfsstöðvar og starfsfólk

Skrifstofur Fornleifaverndar ríkisins eru á á sex stöðum: Reykjavík, Stykkishólmi, Bolungarvík, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum.



Forstöðumaður

Kristín Huld Sigurðardóttir
Suðurgata 39, Reykjavík
Sími: 5556630, fax: 5556631
Netfang: kristinhuld@fornleifavernd.is

Deildarstjóri umhverfismats

Kristinn Magnússon
Suðurgata 39, Reykjavík
Sími: 5556634, fax: 5556631
Netfang: kristinn@fornleifavernd.is

Deildarstjóri skipulagsmála

Agnes Stefánsdóttir
Suðurgata 39, Reykjavík
Sími: 5556633, fax: 5556631
Netfang: agnes@fornleifavernd.is

Verkefnisstjóri kirkjuminja

Gunnar Bollason
Suðurgata 39, Reykjavík
Sími: 5556632, fax: 5556631
Netfang: gunnar@fornleifavernd.is

Minjavörður Vestfjarða

Ragnar Edvardsson
Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík
Sími: 8937636
Netfang: ragnar@fornleifavernd.is

Minjavörður Vesturlands

Magnús A. Sigurðsson
Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi
Sími: 4381880/8659942, fax: 4381705
Netfang: magnus@fornleifavernd.is

Minjavörður Norðurlands vestra

Þór Hjaltalín
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki
Sími: 453 6203/845 8510, fax: 453 7998
Netfang: thor@fornleifavernd.is

Minjavörður Norðurlands eystra

Sigurður Bergsteinsson
Þórunnarstræði 99, 600 Akureyri
Sími: 4621089/8659942, fax: 4612562
Netfang: sigurdur@fornleifavernd.is

Minjavörður Austurlands

Inga Sóley Kristjónudóttir
Tjarnarbraut 39a, 700 Egilsstaðir
Sími: 4711451/8641451, fax: 4711452
Netfang: ingasoley@fornleifavernd.is

Deildarstjóri skráningarmála

Sólborg Una Pálsdóttir
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki
Sími: 453 6203/862 4353, fax: 453 7998
Netfang: solborg@fornleifavernd.is



Fortíð og framtíð
